

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um breyting á skipulagsskrá nr. 79 18. sept. 1929 fyrir minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. skipulagsskrárinnar bætist:

Heimilt er og einstaklingum og fyrirtækjum að láta gjafir renna í sjóð þennan.

2. gr.

3. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Peningaupphæð sjóðsins skal geymast og ávaxtast í lögleyfðum banka eða spari-sjóði og skulu vextir árlega leggjast við sjóðseign að fullu, þar til féð verður notað samkvæmt því, er síðar segir.

3. gr.

Úr 4. gr. skipulagsskrárinnar falli niður málsliðurinn:

„Öllu fólki, sem á heimilið er tekið, veitist þar að öllu leyti ókeypis vist og aðhlyning, svo fremi sem eigi þarf að flytja það á sjúkrahús“.

4. gr.

1) 2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Byggingin skal reist í Vík í Mýrdal, en jörðin Suður-Hvammur, sem ánafnast sjóðnum í þessu skyni, með öllu, sem henni fylgir og fylgja ber, verður full og óátalin eign sjóðsins frá þeim tíma, er byrjað er á stofnun elliheimilis.

2) 1. másl. 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Í þessu húsi skulu eiga heima gamalmenni þau, sem sjóðsstjórnin veitir viðtöku, til æviloka, eða svo lengi sem þau kjósa.

3) Niðurlag 3. mgr. 5. gr. („svo og önnur nauðsynleg hús“ o. s. frv.) falli niður.

5. gr.

Síðari másl. 6. gr. falli niður.

6. gr.

Í 7. gr. skipulagsskrárinnar falli niður orðin: „leggur stofnunin til þess efni, en allt, sem gamalmennin vinna, meðan þau dvelja á heimilinu, rennur til stofnunarinnar og notast í hennar þarfir“.

7. gr.

- 1) Aftan við 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. bætist: en framangreindir erfingjar búsettir utan Vestur-Skaftafellssýslu mega velja einn úr sinum hópi í stjórnina, sem þá verður skipuð 6 mönnum.
- 2) 4. málsl. 1. mgr. 8. gr. hljóði svo:
Samkomustaður stjórnarinnar, er hún heldur fundi, skal vera í Vík í Mýrdal.

Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G**um Stýrimannaskólann í Reykjavík.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Markmið skólans og skipulag.****1. gr.**

Markmið Stýrimannaskólans er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast fiskimannapróf, farmannapróf og próf skipstjóra á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Skipstjórnarnám skal vera í 4 stigum, og veiti hvert stig tiltekin atvinnuréttindi, eins og þau verða ákveðin í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

1. stig farmanna og fiskimanna, námstími 6 mán.

2. stig farmanna og fiskimanna, námstími 7½ mán.

3. stig farmanna, námstími 7½ mán.

4. stig skipstjóraefna á varðskipum ríkisins, námstími 4 mán.

Heimilt er að lengja námstímann með reglugerðarákvæði.

3. gr.

Til þess að ljúka 2., 3. og 4. stigi skipstjórnarnáms þarf nemandi áður að hafa lokið lægri stigum.